



Sjálfbærnistefna Íslandsbanka

Október 2023

| Útgáfa | Breytingar | Breytt af | Dags. | Staðfest af | Dags. |
|---------------|---|---|--------------|--------------------|--------------|
| 1.0 | Nýtt skjal | Gunnar S. Magnússon og Kristrún Tinna Gunnarsdóttir. | 16.12.2019 | Stjórn | 18.12.2019 |
| 1.1 | Uppfært til samræmis við árangur á árinu 2020 | Kristrún Tinna Gunnarsdóttir | 10.1.2021 | Stjórn | 10.02.2021 |
| 1.2 | Viðauki með útilokunarlista bætt við | Kristrún Tinna Gunnarsdóttir og Kristján Andrésson | 27.10.2022 | Stjórn | 27.10.2022 |
| 1.3 | Uppfærð stefna m.a. m.t.t. SFDR | Kristrún Tinna Gunnarsdóttir | 12.10.2023 | Stjórn | 26.10.2023 |

Allur réttur áskilinn. Ekki má fjölfalda, vista eða dreifa skjalinu með neinum hætti, þ. á m. ljósrita eða hljóðrita, án fyrirfram veitts skriflegs leyfis Íslandsbanka hf. eða sérstakrar heimildar í lögum. Fyrirspurnum vegna fjölföldunar skal beina til forstöðumanns stefnumótunar og sjálfbærni.

Skjalið var samþykkt á stjórnarfundum sem haldinn var í Kópavogi 26. október 2023 og er undirritað með rafrænum hætti af stjórn bankans:

Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður
Agnar Tómas Möller
Anna Þórðardóttir
Frosti Ólafsson
Haukur Örn Birgisson
Helga Hlín Hákonardóttir
Stefán Pétursson

Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| 1. Inngangur | 1 |
| 1.1. Markmið og gildissvið | 1 |
| 1.2. Eignarhald, endurskoðun og birting stefnu..... | 2 |
| 1.3. Hlutverk og ábyrgð | 2 |
| 1.3.1. Stefnumótun og sjálfbærni | 2 |
| 1.3.2. Framkvæmdastjórn..... | 2 |
| 1.3.3. Áhættustefnunefnd..... | 2 |
| 1.3.4. Sjálfbærninefnd | 2 |
| 2. Rekstur Íslandsbanka verði til fyrirmyndar..... | 2 |
| 2.1. Umhverfispættir í rekstri..... | 2 |
| 2.2. Félagslegir þættir..... | 3 |
| 2.3. Stjórnarhættir | 3 |
| 3. Íslandsbanki sem hreyfiafl til góðra verka..... | 4 |
| 3.1. Ábyrgar lánveitingar | 4 |
| 3.2. Ábyrgar fjárfestingar | 4 |
| 3.3. Ábyrg innkaup | 4 |
| 3.4. Styrkir..... | 5 |
| Viðauki – útilokunarlisti | 1 |

1. Inngangur

Fjármálafyrirtæki gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki sem grunnstoð í efnahagslífinu og þurfa sem slík að axla ábyrgð og mæta sívaxandi kröfum um aukna sjálfbærni í rekstri sínum. Sjálfbærni snýst um að mæta kröfum nútímans en huga um leið að þörfum kynslóða framtíðarinnar með tilliti til umhverfis- og samfélagsmála og skapa þannig almenna sátt um batnandi lífskjör í samfélaginu.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SP) grundvallast á þremur stoðum sjálfbærrar þróunar; efnahagslegrar, félagslegrar og umhverfislegrar. Starfsemi fjármálafyrirtækja snertir marga mismunandi þætti efnahagslífsins og hefur óhjákvæmilega áhrif á flest heimsmarkmiðin. Heimsmarkmiðin virka sem ein heild en til að skerpa á áherslum hefur Íslandsbanki valið að styðja sérstaklega við fjögur þeirra: Menntun fyrir alla, Jafnrétti kynjanna, Nýsköpun og uppbyggingu og Aðgerðir í loftslagsmálum.



Íslandsbanki stefnir á að vera leiðandi á sviði sjálfbærrar þróunar og hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu. Þannig ætlar bankinn að eiga frumkvæði að viðtæku samstarfi um ábyrga viðskiptahætti sem stuðla að sjálfbærri þróun íslensks efnahagslífs og styðja við aðgerðaráætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum og um leið Parísarsamkomulagið og heimsmarkmið SP.

Sjálfbærnistefna Íslandsbanka myndar heildstæðan ramma um starfsemi bankans á sviði sjálfbærni og markar jafnframt stefnu bankans varðandi rekstur, ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar, innkaup og styrki.

Íslandsbanki setur sér mælanleg sjálfbærnimarkmið sem samþykkt eru af stjórn og birtir árangur sinn hvað þau varðar í Árs- og sjálfbærnisýrslu samhliða árlegu uppgjöri bankans.

Sjálfbærniáhætta er áhætta sem stafar af því að verða beint eða óbeint fyrir neikvæðum ytri áhrifum vegna sjálfbærnitengdra þátta. Þetta á við um þætti eins og t.d. loftslagsbreytingar, líffræðilegan fjölbreytileika, spillingu, mannréttindi, nauðungarvinnu, persónuvernd eða viðskiptasiðferði.

Samhliða fjárhagslegum markmiðum leggur bankinn áherslu á samþættingu sjálfbærnisjónarmiða við starfsemi sína til viðbótar við arðsemismarkmið hans. Bankinn horfir til sjálfbærni viðmiða við greiningu á áhættu og tækifærum sem og þeirra áhrifa sem hann hefur á sjálfbærni.

Bankinn leggur áherslu á að upplýsa hagaðila um tilvist og tilgang þessarar stefnu og fá endurgjöf þeirra á sjálfbærniáherslur bankans.

1.1. Markmið og gildissvið

Markmið stefnunnar er að skilgreina megináherslur bankans um sjálfbærni, bæði í rekstri bankans og þeim áhrifum sem bankinn getur haft á nærumhverfi sitt. Samþætting sjálfbærnisjónarmiða við starfsemi bankans er til þess fallin að bæta áhættustýringu, draga úr kostnaði, laða að sér og halda í hæft starfsfólk, viðskiptavini og fjárfesta auk tækifæris til að vera raunverulegt hreyfiafl til góðra verka í íslensku atvinnulífi.

Sjálfbærnistefnan gildir fyrir alla starfsemi Íslandsbanka og dótturfélög bankans þar sem það er tekið fram. Öllum starfsmönnum bankans, fastráðnum sem tímabundnum, ber að starfa í samræmi við stefnuna.

1.2. Eignarhald, endurskoðun og birting stefnu

Stefna þessi er samþykkt af stjórn bankans og er bankastjóri eigandi hennar. Stefnuna skal endurskoða eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Stefnan skal birt á vefsíðu bankans.

1.3. Hlutverk og ábyrgð

1.3.1. Stefnumótun og sjálfbærni

Bankastjóri felur forstöðumanni stefnumótunar og sjálfbærni að tryggja að viðeigandi endurskoðun á stefnunni eigi sér stað.

1.3.2. Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og framkvæmdastjórar gæta að því að viðeigandi reglur og verklag innan starfssviðs þeirra séu í samræmi við stefnuna og að starfsmenn séu upplýstir um efni hennar.

1.3.3. Áhættustefnunefnd

Áhættustefnunefnd skal gæta þess að þær stefnur, reglur og vinnuleiðbeiningar sem nefndin samþykkir séu í samræmi við þessa stefnu.

1.3.4. Sjálfbærninefnd

Sjálfbærninefnd er formlegur vettvangur fyrir rýni og umræðu um mál er varða sjálfbærniáhættu, innkaup og viðskiptatækifæri. Nefndin hefur eftirlit með notkun á sjálfbærum fjármálaramma innan bankans og tekur afstöðu til þeirra erinda sem henni berast varðandi nýtingu hans. Heimildir nefndarinnar afmarkast af stefnu þessari og sjálfbærum fjármálaramma.

2. Rekstur Íslandsbanka verði til fyrirmyndar

Markmið Íslandsbanka er að rekstur hans verði til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi útfrá alþjóðlegum viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS eða sjálfbærniþættir). Bankinn horfir því til fjárhagslegra markmiða sem tengjast arðsemi og hagkvæmni, ásamt UFS-markmiðum í rekstri sínum:

- **Umhverfisleg viðmið** fjalla um hvernig Íslandsbanki gætir að umhverfislegum áhrifum í starfsemi sinni og styður m.a. við heimsmarkmið SP um aðgerðir í loftslagsmálum.
- **Félagsleg viðmið** lúta að því hvernig bankinn kemur fram við starfsfólk, birgja, viðskiptavini og samfélagið sem hann starfar í og styður þannig m.a. við heimsmarkmið SP um menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna og nýsköpun og uppbyggingu.
- **Stjórnarháttaviðmið** snúa að stjórn bankans og stjórnendum, innra eftirliti og réttindum hluthafa.

2.1. Umhverfisþættir í rekstri

Bankinn leggur áherslu á að meta og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem starfsemi hans kann að hafa á umhverfið.

Með hliðsjón af þessu einsetur bankinn sér að draga markvisst úr og fyrirbyggja losun gróðurhúsalofttegunda tengdri starfsemi hans, minnka orkunotkun og lækka hlutfall óflokkaðs úrgangs sem hlýst af starfseminni. Bankinn mælir kolefnisspor sitt árlega, setur sér markmið um minnkun á kolefnislosun og beitir mótvægisáðgerðum til að jafna losun. Til að ná fram samdrætti í kolefnislosun rekstrar leggur bankinn m.a. áherslu á að draga úr úrgangsmýndun með því að auka endurvinnsluhlutfall og stunda ábyrga auðlindanotkun, Bankinn stefnir að því að tryggja áframhaldandi kolefnishlutleysi í rekstri með því að jafna þá kolefnislosun sem ekki hefur náðst að koma í veg fyrir þegar markmiði um samdrátt

hefur verið náð. Þá hefur bankinn sett sér markmið um að ná fullu kolefnishlutleysi eigi síðar en 2040, það er kolefnishlutleysi í rekstri og í fjármögnuðum útblæstri, en kolefnisfótspor og umhverfisáhrif bankans af útlánasafni og fjárfestingareignum eru margföld á við áhrifin af eigin rekstri.

2.2. Félagslegir þættir

Íslandsbanki leggur áherslu á jafnrétti, fjölbreytileika og víðtæka þátttöku¹ í öllu sínu starfi bæði hvað varðar starfsfólk, viðskiptavinum og aðra hagaðila (þ.m.t. í virðiskeðjunni). Þannig vinnur bankinn markvisst gegn mismunun og að koma á og viðhalda jöfnum tækifærum allra einstaklinga.

- Ráðningarsamningar og kjör starfsfólks byggja á kjarasamningi sem byggir á íslenskri vinnumarkaðslöggjöf og öðrum lögum sem um starfsemi bankans gilda. Félagafrelsi á Íslandi er varið af í 74. gr. stjórnarskrár Íslands og tekur íslensk vinnumarkaðslöggjöf mið af samþykktum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar.
- Jafnlaunastefna bankans leggur áherslu á að fyllsta jafnréttis sé gætt á milli kynja við launaákvæðanir og að hlutfall eins kyns fari ekki yfir 60% í stjórnendateymi bankans. Þá eru gildi bankans og samsetning teymis höfð til hliðsjónar við ráðningar.
- Bankinn leggur áherslu á vellíðan starfsfólks og er með stefnu og aðgerðaráætlun gegn einelti, kynferðislegu og kynbundnu áreitni og ofbeldi (EKKO).
- Í bankanum starfar Fjölbreytni- og jafnréttisráð sem styður við með aðgerðum fjölbreytni og jafnrétti innan og utan bankans.
- Bankinn leggur áherslu á virðingu fyrir mannréttindum og að eiga ekki viðskipti sem tengjast hvers kyns brotum á mannréttindum, t.d. mismunun á grundvelli kyns, trúar eða kynþáttar, misrétti á vinnumarkaði auk þrælkunar- og barnavinnu.
- Íslandsbanki leggur áherslu á að skapa gott starfsumhverfi og setur heilbrigði og öryggi í forgang. Starfsfólki bankans eru tryggð úrræði til að koma upplýsingum um óviðeigandi háttsemi á framfæri með nafnlausum hætti.
- Íslandsbanki leggur áherslu á aðgengi allra að fjármálaþjónustu. Þróun stafrænna lausna bankans er í samræmi við alþjóðlega staðla um að tryggja sem best aðgengi. Þá er lögð áhersla á aðgengi í útibúum bankans.
- Bankinn leggur áherslu á að auka þekkingu og áhuga almennings á fjármálum og býður í því skyni upp á aðgengilega og áhugaverða fræðslu um fjármál, efnahagsmál og sjálfbærni. Fjármálafræðsla bankans á að ná til sem flestra óháð aldri, kyni, áhugasviði, staðsetningu, tíma og tungumáli. Þá býður bankinn bæði starfsfólki, viðskiptavinum, og almenningsi þegar við á, upp á fræðslu um sjálfbærnimál.

2.3. Stjórnarhættir

Stjórn Íslandsbanka hefur einsett sér að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir bankans samræmist því regluverki sem um starfsemina gildir, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttanna. Við frammistöðumat stjórnenda og ákvarðanir um framgang í starfi skal m.a. tekið tillit til góðra stjórnarháttanna. Þá framkvæmir stjórn árangursmat á störfum sínum, undirnefndum stjórnar og bankastjóra sem einnig taka mið af góðum stjórnarháttum. Bankinn gerir árlega grein fyrir stjórnarháttum sínum í sérstakri stjórnarháttayfirlýsingu sem birt er sem viðauki við ársreikning bankans. Góðir stjórnarhættir og innra skipulag bankans skulu vera skýr og stuðla að vandaðri ákvarðanatöku og að komið sé í veg fyrir hagsmunarárekstra.

¹ Enska: Diversity, equity, and inclusion (DEI).

3. Íslandsbanki sem hreyfiafl til góðra verka

Íslandsbanki leggur áherslu á að sýna gott fordæmi með því að láta verkin tala og ávinna sér og viðhalda þannig trausti viðskiptavina og annarra hagaðila. Bankinn leitast eftir virkum samskiptum við hagaðila um ábyrga viðskiptahætti sem er ein af lykilforsendum þess að bankinn sé hreyfiafl til góðra verka. Bankinn hefur samþykkt sjálfbæran fjármálaramma utan um þau lán og fjárfestingar í eignasafni sínu sem flokkast sem sjálfbær samkvæmt rammanum. Einkum er horft til þeirrar umgjáðar hvað varðar þróun sjálfbærs vöruframboðs.

3.1. Ábyrgar lánveitingar

Ábyrgar lánveitingar grundvallast á haldgóðri upplýsingaöflun og ráðgjöf við lántöku og byggja á trausti og trúnaði á milli bankans og viðskiptavina. Við mat á láns hæfi skulu viðeigandi skilyrði laga og reglna ávallt vera uppfyllt svo sem varðandi neytendavernd og varnir gegn peningþvætti og spillingu. Lánveitingar skulu ávallt afgreiddar án tillits til þjóðernis, kyns, kynþáttar, trúarskoðana eða annarra sambærilegra atriða.

Við lánaákvæðanir og mat á áhættu og verðlagningu mun bankinn horfa til sjálfbærniþátta ásamt öðrum áhættuþáttum. Fyrirtæki sem starfa í mismunandi atvinnugreinum horfa til mismunandi sjálfbærniþátta, t.d. er mikilvægt fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi að hlúa að fiskistofnum og að stunda ábyrgar fiskveiðar, en fyrir fyrirtæki í byggingariðnaði er mikilvægt að draga úr umhverfisáhrifum við uppbyggingu og niðurrif bygginga. Bankinn birtir atvinnugreinaviðmið til þess að kynna sjálfbærni fyrir þeim fyrirtækjum sem eiga viðskipti við Íslandsbanka og veita þeim leiðsögn.

Bankinn hefur einsett sér að styðja með lánveitingum við umbreytingaferli fyrirtækja og einstaklinga í tengslum við sjálfbæra þróun, til samræmis við áherslur sjálfbæra fjármálaramma bankans og flokkunarkerfi Evrópusambandsins.

3.2. Ábyrgar fjárfestingar

Ábyrgar fjárfestingar miða að því að taka tillit til sjálfbærniþátta við fjárfestingar bankans í fyrirtækjum og öðrum verkefnum, þannig að áhættu sé stýrt með sjálfbæra þróun í huga. Bankinn leitast þannig við að samþætta sjálfbærniáhættu við ákvarðanatökufæri vegna fjárfestinga bankans, eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar til viðskiptavina.

- Bankinn mun beita þeirri aðferðafræði sem hann telur mest viðeigandi hverju sinni við mat á sjálfbærniáhættu. Samþætting sjálfbærniáhættu við fjárfestingarákvarðanaferlið getur verið mismunandi eftir eignaflokkum, tegundum fjárfestinga og hversu gott aðgengi er að upplýsingum um viðeigandi fjármálagerning.
- Fjárfestingarákvarðanir geta haft áhrif á sjálfbærni, bæði jákvæð og neikvæð. Íslandsbanki leitast við að taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestinga á sjálfbærniþætti (e. Principal Adverse Impact eða PAI).

Komi til þess að Íslandsbanki eignist eignir sem samræmast að einhverju leyti ekki stefnu bankans um ábyrgar fjárfestingar svo sem í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja eða fullnustu trygginga, stefnir bankinn að því að beita áhrifum sínum eftir fremsta megni í samræmi við sjálfbærnistefnuna.

3.3. Ábyrg innkaup

Íslandsbanki er stór kaupandi þjónustu og vara og er því í aðstöðu til að vera hreyfiafl til góðra verka í innkaupum sínum. Bankinn horfir til sjálfbærniþátta í öllum innkaupum bankans. Þá skal sjálfbærni vega að lágmarki 10% í ákvarðanatöku í útboðum bankans vegna innkaupa. Jafnframt leggur bankinn áherslu á að stuðla að virkri samkeppni,

hagkvæmni, jafnræði og gagnsæi í innkaupum sínum. Bankinn gerir viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunárekstra. Í þessu skyni setur Íslandsbanki sér verklagsreglur í innkaupum, gefur út siðareglur birgja og gætir að ákvæðum laga og reglna sé fylgt í hvívetna í innkaupum bankans.

3.4. Styrkir

Íslandsbanki styður góð málefni í nærumhverfi sínu og á alþjóðavísu, ýmist með beinum styrkjum eða í gegnum samstarf. Leitast er við að styðja sérstaklega við málefni sem hafa skýra tengingu við þau heimsmarkmið SP sem bankinn hefur valið að styðja við sérstaklega. Lögð er áhersla á að velja verkefni sem efla samfélagið og vernda umhverfið og styrkja félagasamtök og fyrirtæki sem stuðla að jákvæðri samfélagsþróun. Bankinn styrkir ekki stjórnálagasamtök, trúfélög eða einstaklinga. Við styrkveitingar gætir bankinn að jafnræði og gagnsæi og gerir ráðstafanir til koma í veg fyrir hagsmunárekstra.

Viðauki – útilokunarlisti

Íslandsbanki á ekki viðskipti við aðila sem tengjast ólögumætri starfsemi, s.s. peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, með einum eða öðrum hætti. Sama gildir um viðskipti við aðila sem stunda eftirfarandi starfsemi eða eftirfarandi á við um:

- Hapdrætti og veðmálastarfsemi að undanskildri starfsemi sem sérstaklega er leyfð með íslenskum lögum.
- Vopnasala og vopnaframleiðsla í hernaðarlegum tilgangi.
- Skelbankar.²
- Námuvinnsla stafræns sýndarfjár eða miðlun á sýndarfé.^{3 4}
- Aðilar á lista yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðir.
- Öll starfsemi sem brýtur gegn almennum hegningarlögum svo sem:
 - Mansal og vændi.
 - Barnaþrælkun og nauðungarvinna.
 - Fíkniefnasala eða fíkniefnaframleiðsla.
 - Fyrirtæki sem byggja starfsemi sína á framleiðslu eða dreifingu á klámi.

Bankinn móttekur ekki greiðslur né miðlar greiðslum, sem grunur er um að feli í sér brot á almennum hegningarlögum eða refsivert brot á öðrum íslenskum lögum, óháð því hvort þær stafa frá starfsemi sem er lögumæt í því ríki þar sem hún er stunduð eður ei.

Til viðbótar við þá aðila sem Íslandsbanki mun ekki eiga almenn viðskipti við mun bankinn ekki fjármagna, beint eða óbeint, verkefni sem tengjast eftirfarandi starfsemi:

- Rannsóknir, námur eða vinnsla á hvers kyns orkuframleiðslu byggð á jarðefnaeldsneyti (jarðgas, olía, kol eða mór)
- Framleiðsla, vinnsla eða viðskipti með pálmaolíu og afleiður hennar til orkunotkunar
- Öll efnavinnsla geislavirkra efna, þ.m.t. námur og steinefnavinnsla
- Rannsóknir sem fela í sér dýrprófanir sem eru ekki í samræmi við gildandi regluverk
- Námur og vinnsla steinefna í þeim tilgangi einum að nota sem gimsteina
- Sandnámur sem hafa neikvæð áhrif á lífríki eða eru ekki í gerðar í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum
- Tóbaksframleiðsla

Íslandsbanki fjárfestir ekki í fyrirtækjum sem starfa í atvinnugreinum sem talin eru vera veruleg ógn við sjálfbærni. Íslandsbanki beitir neikvæðri skimun á sínar fjárfestingar ásamt því að fjárfesta ekki í fyrirtækjum á athugunarlista bankans sem ekki hafa nægan rökstuðning fyrir eignarhaldi út frá UFS þáttum.

Sé vafi talinn leika á um það hvort viðkomandi viðskiptasamband eða umbeðin fyrirgreiðsla falli undir útilokunarlistann eða ekki skal Sjálfbærninefnd skera úr um það.

² Fjármálafyrirtæki eða sambærilegur aðili án raunverulegrar starfsemi eða heimilisfesti í því landi þar sem honum er veitt heimild til að starfa sem er jafnframt ótengdur eftirlitsskyldri samstæðu sem lýtur skilvirku eftirliti hjá viðeigandi eftirlitsaðila.

³ Námuvinnsla á sýndarfé er mjög orkufrek og samræmist ekki sjálfbærni markmiðum bankans.

⁴ Ekkert regluverk gildir um sýndarfé á evrópska efnahagssvæðinu og er námuvinnsla og miðlun þess því utan áhættuvilja bankans. Sjá útgefið efni Seðlabankans.